

TRÚNAÐARMÁL

Ólafur Davíðsson,
Framkvæmdaneftnd um einkavæðingu,
Forsætisráðuneytinu,
Við Lækjartorg,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 17. desember 2002

Efni: Samningur um kaup Samson á 45,8% hlut í Landsbanka Íslands

Í framhaldi af niðurstöðu áreiðanleikakönnunar sem kynnt var síðastliðinn föstudag og bréfs okkar, dagsett 13. desember sl., viljum við áréttu eftirfarandi með hliðsjón af þróngum tímaramma.

Megin niðurstaða áreiðanleikakönnunar er sú að framlög Landsbankans í afskriftareiknings útlána séu vanmetin auk þess sem hlutafjáreign, fullnustueignir og rekstrarfjármunir séu ofmetnir í bókum bankans. Þessi niðurstaða er studd af athugasemdum ytri endurskoðenda bankans, PricewaterhouseCoopers ehf., sem ítrekað hafa bent á að afskriftaframlög séu í algeru lágmarki og að áhætta tengd eignum hafi vaxið. Jafnframt hefur Fjármálaeftirlitið gert sambærilegar athugasemdir um afskriftareikning bankans og ítrekað bent á vaxandi vanskil og áhættu í rekstri banka. Þannig er það samdóma álit þriggja aðila að svigrúm bankans til að mæta áföllum sé lítið sem ekkert á sama tíma og áhætta í rekstri banka fari vaxandi.

Í kynningu bankans á afkomu þriðja ársfjórðungs, þann 24. október, kom fram aukið framlag í afskriftareikning umfram það sem rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir auk þess sem þörf var á sérstakri niðurfaðarslu hlutabréfa. Í kjölfar afkomukynningar lækkaði gengi hlutabréfa bankans tölувert, eða um 11%. Þetta átti sér stað eftir að samkomulag náðist um verð og greiðsluskilmála á milli Samson og ríkisins og voru þessar forsendur því ekki kunnar samningsaðilum við undirritun þann 18. október.

Í ljósi þessara atriða er lagt til að samhliða sölu ríkisins á 45,8% hlutafjár í bankanum verði hann styrktur fjárhagslega með hlutafjáraukningu um 2,5 milljarða króna. Þannig að bankinn hafi svigrúm til að færa varúðarfærslu til að mæta veikri stöðu afskriftareiknings og vaxandi vanskilum. Þessa leið má útfæra þannig að núverandi hluthafar leggi bankanum til umrædda fjárhæð samhliða því að hlutur ríkisins er seldur. Hlutdeild ríkisins í framangreindri hlutafjáraukningu er 1,2 milljarðar króna.

Að öðru leyti verði samkomulag það sem náðst hefur um kaup Samson, þ.e. að kaup á 45,8% hlutafjár í bankanum fyrir USD 139 milljónir, látið standa óbreytt.

Í von um skjót viðbrögð svo unnt verði að ganga frá endanlegum kaupsamningi á næstu dögum.

Virðingarfullst,
f.h. Samson eignarhaldsfélags ehf.